

Mímir-símenntun kt. 701202-3920, Skeifunni 8, 108, Reykjavík í samningi þessum nefndur Mímir og _____ kt _____, heim. _____ í samningi þessum nefndur verktaki, gera með sér svofelldan

Verktakasamning

um framkvæmd námskeiða á vegum Mímis.

1. grein

Verktaki tekur að sér að annast kennslu á námskeiði á vegum Mímis eftir því sem nánar er lýst í samningi þessum og meðfylgjandi fylgiskjali sem telst hluti hans.

2. grein

Mímir annast skráningar á námskeiðin, varðveitir þáttökulista og aðrar upplýsingar um þau. Mímir leggur til kennsluhúsnæði, kennslubúnað, kaffiveitingar, pappír og ber allan kostnað af því. Mímir tilnefnir verkefnisstjóra sem umsjónarmenn með framkvæmd námskeiða sem eru tengiliðir við kennara.

3. grein

Að námskeiði loknu og/eða á umsömdum gjalddögum á kennslutímabili, framvísar verktaki reikningi fyrir kenndar kennslustundir hjá verkefnastjóra/deildarstjóra. Ef um forföll er að ræða falla greiðslur niður. Fjárhæð og sundurliðun reiknings fer eftir ákvæðum fylgiskjals. Innifalið í umræddri greiðslu til verktaka eru allar greiðslur, sem atvinnurekendum ber að standa skil á, svo sem orlof, greiðsla í lífeyrissjóð, tryggingargjald, félagsgjöld, svo og allar greiðslur, sem tengjast atvinnurekstri verktaka. Verktaki skal sjá sjálfur um skil á öllum opinberum gjöldum sínum.

Mímir skal greiða móttækinn reikning innan tveggja vikna frá framvísun hans.

4. grein

Verktaki skal gæta trúnaðar um það sem hann verður áskynja í störfum sínum fyrir Mími, varðandi starfsemi fyrirtækisins, viðskiptavini þess eða nemendur og leynt á að fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Trúnaður helst þó látið sé af starfi.

Reykjavík xxxxxxxxxxx

Mímir-símenntun

Verktaki

Fylgiskjal með verktakasamningi Mímis-símenntunar og _____

Heiti námskeiðs	Fjöldi kennslustunda
Tímasetningar námskeiðs: Hefst dags. Lýkur dags. Kennt verður á þriðjud og fimmdud kl xxx	
Kennslustaður	Verkefnisstjóri námskeiðs af hálfu Mímis
Alag vegna eininganáms	Verkefni
Prófayfirferð	Annað
Tilvísunarnúmer (Mímis-símenntunar)	

Áritun og númer fylgiskjals.
Upphafsstafir beggja aðila samnings.